

## Fundur haldinn kl. 20:30 í Laugargerðisskóla 9. ágúst 2018.

Mætt voru: Katrín Gísladóttir, Sigurbjörg Ottesen, Áslaug Guðbrandsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir, Sigurður Jónsson og Veronika G. Sigurvinsdóttir.

Katrín setti fund. Stjórn skipti með sér verkum. Katrín formaður, Sigurbjörg varaformaður og Veronika ritari.

- Ingveldur fór yfir skóladagatal komandi skólaárs 2018 – 2019. 180 kennsludagar, þar af 10 óhefðbundnar. Búið að setja vetrarfrí inn en á móti þeim dögum koma tvöfaldir dagar sem eru af og til yfir skólaárið. Kennarar koma til með að taka aukinn þátt í þessum tvöföldu dögum. Kennsla hefst 22. ágúst og skólaslit eru 27. maí.  
Skóladagatal var samþykkt.
- Kom fram mikilvægi þess að nemendur mæti í skólann og með vetrarfrí gefst foreldrum, kennurum og nemendum kostur á að skipuleggja erindi á þeim dögum sem vetrarfrí eru. Í fámennu samfélagi munar um hvern og einn sem er frá.
- Stundatafla lögð fyrir. Kennsla hefst 8:20 á morgnana. Leikskólinn opnar 8:00. Skóladegi lokið 14:45 nema á föstudögum, þá líkur kennslu kl 13:10. Yngsta stigið verður í skólanum fimm daga vikunnar í vetur. Tómsundastarf yngsta stigs í samvinnu við leikskólann verður eftir hádegi ca 60 – 90 mínútur, eftir dögum.
- Vangaveltur um hvort þetta fyrirkomulag nái að nýtast nemenda, þ.e. að dagurinn styttist. Mikilvægt er að stytting skólans skili sér til nemenda og með góðri samvinnu og skipulagningu kennara – skólabílstjóra og nemenda ætti áætlun að standast. Margir nemendur eru komnir snemma upp í skólabílinn á morgnana og því kærkomið að komast snemma heim.
- Ingveldur fór yfir starfsmannamál. Búið að lækka hlutfall í ræstingu úr 95% í 63% í tilraunarskíni. Þetta verður svo endurskoðað. Margrét Kolbeinsdóttir og Margrét Birna Kolbrúnardóttir koma inn sem stuðningsfulltrúar. Sveinbjörg Zophoniasdóttir kemur inn í kennslu. Enn er verið að vinna í ráðningu í sérkennslu, en mikil þörf er á aukinni sérkennsluþjónustu.
- Ekki hefur verið deildarstjóri yfir leiksskóladeildinni en nú hefur Hefa verið ráðin sem ófaglærður deildarstjóri. Lögum samkvæmt ber að vera með deildarstjóra yfir leiksskólum. Aldur barna á leiksskólanum er frá 10 mán upp í 4 ára.
- Umræða um tónlistarkennslu, Steinunn Pálsdóttir er tilbúin að halda áfram sínu starfi. Spurning hvort hægt sé að fá tónlistarkennslu frá tónlistarskóla, þar sem að námið telur til stigs hjá nemendum. Á síðasta ári var rætt við Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Væri jafnvel hægt að líta til annarra tónlistarskóla í nágrenninu, t.d. í Snæfellsbæ, Grundarfirði eða Stykkishólmi.

- Ingveldur lagði fram umbótaáætlun sem hún hefur verið að vinna að fyrir ráðuneytið eftir ytra mat skólans. Það er í góðum farvegi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Veronika G. Sigurvinsdóttir ritaði fundargerð.